

stöðu sinni fyrir verzlun aðaláfrýjandans í Reykjavík á tímabilinu frá 1. júní 1872 til 1. júní 1873. Svo ber gagnáfrýjandanum og að greiða aðaláfrýjandanum 4062 kr. 41 a. — fjögur þúsund sex týgi og tvær krónur, fjörutýgi og einn aura — með 5% rentu frá 29. októbermán. 1873. Að öðru leyti á undirjettarins dómur óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu og honum að fullnægja, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 31. maímán.

Nr. 6/1875:

Rjettvísín

gegn

Sæmundi Sæmundssyni og

Ingimundi Sæmundssyni.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum 2. desembermán. f. á. fyrir aukarjetti Árnassýslu að Kiðjabergi, eru þeir Sæmundur Sæmundsson í Rútsstaða-Suðurkoti og Ingimundur sonur hans dæmdir, hinn fyr nefndi samkvæmt 47., 45., 231. nr. 1. og 230. grein hegningarlaganna í fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga, hinn síðar nefndi samkvæmt 230., 22., 30. og 242. gr. sömu laga í 15 hagma hýðingu með reyrprika og til að greiða 48 sk. í iðgjöld til Jóns Jónssonar á Loptsstöðum og 2 rd. til kammerráðs Th. Guðmundsens í varnarlaun. Annan sakarkostnað eru hinir ákærðu dæmdir til að greiða, annar fyrir báða og báðir fyrir annan. Þessum

dómi hefur amtmaðurinn í suðuramtinu áfrýjað til yfirdómsins af rjettvísinnar hálfu.

Með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að ákærði Sæmundur Sæmundsson hafi um fráfarur, eða nálægt 28. júní í fyrra, markað tvær veturgamlar kindur, sem komið höfðu heim á kvíar með fje hans og markaðar voru öðru marki, undir sitt mark í því skyni, að helga sjer þær, án þess hann þó vissi, hver þær ætti, og að meðákærði Ingimundur sonur hans hafi haldið í kindurnar, meðan hann afmarkaði þær, eptir skipun hans. Að vísu hefur hinn ákærði Ingimundur borið, að hann hafi færzt undan að halda í kindurnar, þegar faðir hans skipaði honum það, en hann hefur játað, að hann þó hafi gjört það, án þess að faðir hans hefði haft neinar hótanir í frammi við hann. Ingimundur hefur þar að auki játað, að hann sumarið 1873 hafi skorið blýsökku af handfæri úr skipi á Loptsstöðum og stolið henni; er sakkán virt 1 krónu, en gemlingarnir 18 krónur. Loks hefur Sæmundur Sæmundsson játað, að hann í undanfarin 20 ár hafi endrum og sinnum tekið smáspítur af Gaulverjabæjar- og Loptsstaða rekum, en hverju verði þessir rekastuldir nemi, hefur ekki orðið á gizkað.

Afbrot hins ákærða Sæmundar Sæmundssonar, sem er langt yfir lögaldur sakamanna og ekki hefur áður sætt hegningu nje ákæru fyrir neitt lagabrot, virðist eptir eðli sínu, smbr. Llb. 48. kap., heyra undir 250. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin þá hæfilega metin til 4 × 5 daga fangelsis við vatn og brauð. Afbrot hins ákærða Ingimundar Sæmundssonar, sem er fæddur 17. október 1857 og þannig ekki fullra 18 ára, heyrir undir 230. og 250. grein hegn-

ingarlaganna, sbr. 48. gr. 2. málsgrein, 57. gr. 2. málsgrein, 63. gr., 22. gr. og 30. gr. sömu laga, og virðist honum hæfilega hegnt með 15 haggja hýðingu með reyrpriki, svo ber honum og að greiða 4 krónur til talsmanns síns í hjerði í málsvarnarlaun. Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað ber hinum ákærðu að greiða in solidum, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 krónur til hvors í málsfærslulaun. Iðgjöld þau, sem ákærði Ingimundur Sæmundsson hefur verið dæmdur í fyrir undirjetti, virðist eiga að falla burtu, þar ekki verður sjeð, að þeirra hafi verið krafizt.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið mjög seinfara, án þess þó að næg ástæða virðist til að láta það varða undirdómarann ábyrgðar. Fyrir yfirdóminum hefur sókn og vörn málsins verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Sæmundur Sæmundsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga, og Ingimundur Sæmundsson á að hýðast 15 högg með reyrpriki. Í málsfærslulaun til svaramanns síns, kammerráðs Guðmundsens, ber ákærða Ingimundi Sæmundssyni að greiða 4 krónur. Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað ber hinum ákærðu að greiða in solidum, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.